

61. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 16. september 1998, að Austurvegi 56, Selfossi, kl. 12:00

Mætt: Karl Björnsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason. Jón Ólafsson kom á fundinn.

1. Kosning formanns og varaformanns.

Karl Björnsson kosinn formaður og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson varaformaður.

2. Dómur Héraðsdóms Suðurlands í máli eigenda Auðsholts gegn Sorpstöð Suðurlands frá 31. ágúst 1998.

Jón Ólafsson hrl., gerði grein fyrir dóminum og forsendum hans. Áfrýjunarfrestur er 3 mánuðir.

Ákvörðun um áframhald málsins frestað.

3. Úrskurður Umhverfísráðuneytis vegna kæru á starfsleyfi fyrir Sorpstöð Suðurlands.

Samþykkt að óska eftir upplýsingum um forsendur úrskurðarins hjá Umhverfísráðuneytinu.

4. Niðurstöður aðalfundar sem vísað var til stjórnar.

Ákveðið að stjórn kynni sér gögn málsins fyrir næsta fund og málinu frestað þar til.

5. Önnur mál.

5.a. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir áætlun um að útbúa söfnunarílát fyrir rafhlöður sem unnið er að í samvinnu við Gámaþjónustuna. Áætlaður kostnaður er um kr. 200.000.- Samþykkt að standa að verkefninu.

Jafnframt var samþykkt að láta útbúa ný söfnunarílát fyrir dagblaðapappír.

Áætlaður kostnaður fyrir Sorpstöðina er kr. 120.000.-

Fundi slitið kl. 14:15

Karl Björnsson.

Sesselja Jónsdóttir.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.